

Adalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudags. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum sínum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

**Adalsími**  
**81333**

**Kvöldsími**  
**81348**

**Helgarsími**  
**afgreiðslu**  
**81663**



Stefán Jónsson

Fátt eða ekkert hefur vakið meiri athygli nú í vikunni en suburganga þeirra norðanmanna vegna Blönduvirkjunar. Segja má að Stefán Jónsson, bóndi á Kagadahlóli, hafi verið í fylkingarbrjósti þeirra norðlinga og því tókum við hann tali:

— Jú, við höfum safnað undirskriftum undir áskorun um að Blönduvirkjun verði næsti virkjunarkostur landsmanna. Undir hafa skrifað 3256 menn og eru þeir dreifðir um allt kjördæmið. Og þessum undirskriftum var safnað á rúmri viku. Þá tók veður í taumana og því hafa eflaust einhverjir orðið eftir, sem annars hefðu skrifað undir.

Nú, tilgangurinn með þessum undirskriftum er að sanna það hver sé hinn raunverulegi vilji heimamanna í þessu máli og svo í öðru lagi að sýna fram á, að bændur standi ekki í vegi fyrir framkvæmdum, sem skipta þjóðina alla svo miklu máli sem Blönduvirkjun gerir, vilji semja, svo framfarlega sem tekið sé tillit til sjónarmiða bænda.

— Hvað komuð þið margir suður til þess að fylgja þessu máli eftir?

— Ég veit nú ekki nákvæmlega um það, en ætli það séu ekki svona 70—80 manns.

— Hvað finnst þér um þær undirtektir sem þið hafið fengið við erindi ykkar hér syðra?


— Á það hefur nú kannski lítið reynt ennþá að öðru leyti en því, að okkur var tekið vinsamlega. Það er nú að störfum sérstök samninganeind hér syðra og í henni eru 6 menn af hálfu heimamanna; þrjú búsettir vestan Blöndu og þrjú austan hennar. Og svo eru fulltrúar frá ríkisvaldinu. Málið er í hennar höndum núna. Þessi nefnd hefur setið hér á fundum síðan á miðvikudag.

— Sjáid þið eitthvað til botns í þessum viðræðum?

— Já, við erum að vona að samkomulag náist á þeim grundvelli að báðir aðilar slaki nokkuð til og þá að ríkisvaldið komi þar einnig til skjalanna.

— Ertu bjartsýnn á samkomulag?

— Ég tel að það ætti að nást ef ríkisvaldið sýnir sanngirni. En það er eitt atriði, sem er ákaflega þýðingarmikið í þessu sambandi og það er að svona framkvæmdir tryggja atvinnuuppbyggingu heima í héraði, þannig að bygging orkuvers verki sem jafnvægi í byggð landsins. Ég vil leggja á það áherslu, að með þessum undirskriftum og suburgöngu erum við á engan hátt að taka fram fyrir hendur á samninganeindarmönnum, heldur aðeins að sýna hinn raunverulega vilja og svo er það aftur ríkisvaldsins að koma til móts við óskir heimamanna. — mhg



Myndraðir Guðrúnar Svövu fjalla um frelsi (ljósm.: eik).

# Frelsi og flísalögð náttúra

## Viðtal við Þorbjörgu Höskuldsdóttur og Guðrúnu Svövu Svavarsdóttur sem opna myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum í dag

Þorbjörg Höskuldsdóttir og Guðrún Svava Svavarsdóttir opna í dag, laugardag, málverkasýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Hefst hún kl. 15 og mun Manuela Wiesler leikatvö verk eftir Leif Þórarinsson við opnunina. Sýning Guðrúnar Svövu er tvískipt, annars vegar myndraðir með olluverkum á striga og teikningum, hins vegar stök málverk. Þorbjörg sýnir olíumálverk og teikningar af ýmsum stærðum. Báðar eru þær vel kunnar meðal myndlistarunnenda frá fyrri sýningum.

Blaðamenn Þjóðviljans komu að þeim á fimmtudag þar sem þær stóðu með hendur fram úr ermum og voru að hengja upp. Voru þær orðnar heldur lúnar enda sögðu þær að undirbúningur svona stórrar sýningar væri ekkert áhlaupsverk. Við fengum togað þær afsíðis til að spyrja þær svolítið út úr en þá hljóp í þær galsi svo að eftirfarandi viðtal er sennilega tóm vitleysa á köflum.

Blm.: Hvað eruð þið lengi búnar að vera að undirbúa þessa sýningu?

Guðrún: Það er nú orðið rúmt ár síðan við pöntuðum salinn en segja má að ég hafi verið tvö undanfarin ár að vinna að henni. Ég sýndi síðast ný verk í SUM árið 1979.

Þorbjörg: Ég sýndi síðast 1977 hér á Kjarvalsstöðum.

Blm.: Hafa orðið einhverjar breytingar í málverkinu hjá ykkur síðan síðast?

Þorbjörg: Ég er að vona ég sé að breytast. Annars er ég vobalega hægfare í mér.

Guðrún: Það er engin bylting.

Þorbjörg: Engar byltingar.

Blm.: Hér kemur þá ein stór spurning sem ég beini til þín, Þorbjörg. Hvað ertu eiginlega að fara í þínum myndum?


Þorbjörg: Attu við að flísaleggja náttúruna?

Blm.: Já.

Þorbjörg: Ég flísalegg ekkert heima hjá mér, en vil endilega gera það og svona er það auðveldast.



Þær Þorbjörg og Guðrún Svava gáfu sér tíma til að líta eitt augnablik upp og stilla sér upp fyrir framan ljósmynda vélina. Þær voru orðnar hálf lúnar og kominn galsi í þær (ljósm.: eik).



Þorbjörg með eitt af nýjustu verkum sínum. Fortíðarþrá? (Ljósm.: eik).

Nú gripur hálfstálpaður strákur fram í sem mun vera bróðursonur listakonunnar og segir að þetta sýni bara hvað hún er árasargjörn.

Þorbjörg: Súlnar og flísa-gólfín eru afturhvarf í gamla tíma. Ég vil halda þeim á lofti. Þetta er stemning frá Ítalíu.

Blm.: Hefurðu komið til Ítalíu?

Þorbjörg: Ég var búin að mála svo mikið undir áhrifum þaðan að ég dreif mig í fyrsta skipti þangað í fyrri og fékk þá staðfestingu á fyrri áhrifum. Ég hélt upp á fertugsafmælið í Sixtusarkapellunni.

Blm.: Fékkstu kannski nýjan og aukinn kraft frá Michelangelo þegar þú stóðst undir honum fertug?

Þorbjörg: Já, svo sannarlega má segja það hvort sem það er rétt eða rangt.

Blm.: Er það þitt eina starf að vinna við sjálfstæða myndsköpun?

Þorbjörg: Já, ég reyni að berjast í því.

Blm.: Er það mikil barátta?

Þorbjörg: Þetta er ægileg barátta og erfið afkoma. Það er svo mikið óryggi sem fylgir þessu.

Guðrún: Þetta er allt annað fyrir konur sem eru giftar sjóðaköngum eins og ég.

Þorbjörg: Já, það má segja að ég sé einstæðingur á framfæri aldrafra móður minnar.

Guðrún: Þú getur best séð sjálfur hvað hún er horuð.

Þorbjörg: Mamma benti mér á að sækja um styrk í Afríkuhjálpinu, hún var að reyna að leiða mér fyrir sjónir hvað ég væri horuð.

Bróðursonurinn: Hún deyr þá ekki úr offeiti á meðan.

Blm.: Hm. Eru þetta allt nýjar

myndir hjá þér, Þorbjörg?

Þorbjörg: Þær eru allar frá árunum 1980 og 1981, olíumálverk og teikningar með blandaðri tækni.

Blm.: Mér sýnist þú, Guðrún, mikið vera að fjalla um frelsi og innilokun í þínum myndum. Er það rétt?

Guðrún: Já, í þessum seríum eða myndröðum enda heita þær Um frelsi.

Blm.: Vinnurðu eingöngu í myndröðum upp á síðkastið?

Guðrún: Síðast þegar ég sýndi var ég líka með myndraðir en á þessari sýningu núna eru líka 14 stök málverk.

Blm.: Lítið þið báðar á ykkur sem naturalista?

Þorbjörg: Já, ég held það, öðrum þræði.

Guðrún: Hvað ertu Tobba? Natur-sur-real..?

Þorbjörg: Ég veit aldrei almenninglega hvað ég er.

Guðrún: Þeir eru dálítið erfiðir þessir ismar. Maður veit aldrei fyrr en eftir á — þegar einhver er búinn að skilgreina — í hvaða isma maður er.

Blm.: Nú er þetta feikistór salur. Er ekki erfitt að fylla upp í hann?

Guðrún: Það er nú fyrst og fremst þess vegna sem við tókum hann tvar saman. Það liggur við að ekki sé gerlegt fyrir ungt fólk að sýna hér enda kannski ekki mjög heppilegt fyrir það að láta svo langt líða á milli sýninga eins og þegar sýnt er í svo stórum sal. Ég er t.d. búin að vinna í 2 ár og á samt ekki í nema rúman hálfan salinn.

Blm.: Er það þitt eina starf að mála?

Guðrún: Já, ég var svo heppin að fá starfslaun hálfri árið 1979 og hálfri árið 1980 og hef því getað helgað mig því að mála. Svo höfum við báðar unnið frilans við eitt og annað.

Þorbjörg: Já, t.d. í leikhúsum, við skreytingar á bókum og á sýningum, störf sem við getum tekið greiðslu fyrir. Það kemur svona í skorpum.

Guðrún: Já, ég hef t.d. tekið að mér uppsetningu á vörusýningum í Laugardalshöll — og svo hef ég náttúrulega fyrirvinnu, er gift ljóðskáldi.

Þorbjörg: Já, maðurinn sér fyrir henni með ljóðum sínum. (Hún hlær stórkaralega).

Blm.: Að lokum. Hvað tekur við að lokinni þessari sýningu?

Þorbjörg: Málun og teikning. Guðrún: Við byrjum sennilega báðar að teikna. Það á að efna til teiknisýningar hér á Kjarvalsstöðum í sumar og okkur langar báðar að senda inn verk en þeim ber að skila inn til dómnefndar fyrir 9. apríl.

Það er óhætt að mæla með sýningu þeirra Þorbjargar og Guðrúnar Svövu. Hún verður opin daglega kl. 14—22 til 29. mars.

— GFR